

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á aðalskipulagi Borgarness.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 30. mars 1978 staðfest aðalskipulagsupprátt fyrir Borgarnes.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af sveitarstjórn Borgarnesshrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. mars 1978.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

17. maí 1978.

Nr. 216.

## SAMÞYKKT

### um hundahald í Skútustaðahreppi.

#### 1. gr.

Hundahald er bannað í Skútustaðahreppi að undanteknum þarfahundum við búrekstur á lögþýlum.

#### 2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum í hreppum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.

Við skráningu skal hundeigandi undirrita yfirlýsingu um, að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum samþykktar þessarar eins og hún er nú eða kann síðar að verða breytt.

b) Skytt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi, þannig að tryggt sé, að tryggingin taki til alls tjóns, sem hundur kann að valda, án nokkurra óeðlilegra skilyrða að mati sveitarstjórnar.

c) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er heimilt að hafa með sér hunda, þó í taumi séu, inn í skólahús, almannar skrifstofur, samkomuhús, leikvelli eða verslanir, svo og starfsstöðvar hverju nafni sem nefnast, þar sem úrvinnsla meðferð eða geymsla matvæla á sér stað.

d) Hundeigendum er skytt að sjá svo um, að hundar raski eigi ró manna eða verði mönnum til óþæginda.

Skilyrði fyrir hundahaldi í húsum þar sem íbúðir hafa sameiginlegan inn-gang er, að allir íbúðareigendur samþykki slíkt, og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hunds, er gildi þar til sveitarstjóra berst skrifleg aflurköllun frá einhverjum íbúðareiganda.

e) Til að standa straum af kostnaði sveitarsjóðs af skráningu og eftirliti með hundum í hreppnum, skal árlega greiða sveitarsjóði leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir.